

## Framvinduskýrsla október 2012 – janúar 2013

### Vinna við gerð fjárhags- og starfsáætlunar

Í byrjun desember var fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2013 kynnt fyrir stjórn Markaðsstofu Suðurlands á stjórnarfundum sem haldinn var austur í Ríki Vatnajökuls. Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum á fjárframlögum, nema ný fyrirtæki eða opinberir aðilar komi til liðs við Markaðsstofuna. Vestmannaeyjabær og Rangárþing ytra hafa nú til skoðunar að ganga frá þjónustusamningi við markaðsstofuna og eru vonir



bundnar við að þau láti af því verða. Framkvæmdastjóri fór í desember til Vestmannaeyja og kynnti fyrir stjórn Ferðamálafélags Vestmannaeyja möguleika á samstarfssamningi við MSS með framlagi frá Vestmannaeyjabæ. Eins var sent erindi til sveitarstjórnar Rangárþings ytra þetta varðandi eftir að nýr meirihluti tók þar við stjórn.

Starfsáætlunin er með hefðbundnu sniði. Meiri áhersla verður þó lögð á móttöku ferðasala inni fjórðunginn og þátttöku Markaðsstofunnar í vinnustofum (work-shoppum) á vegum flugfélaganna og Íslandsstofu. Einnig hefur stefnan verið sett Heimsmeistaramót íslenska hestsins í Berlín í byrjun ágúst, en markaðsstofan hefur ekki tekið þátt í þeim viðburðum áður.

Í kynningar skyni hefur verið notast við það efni sem til er, s.s. myndband og kynningarbækling (hringbæklingur) og reynt að dreifa því víðar, svo sem á neytendasýningar og til erlendra ferðaskrifstofa sem sækja í að fá sunnlenskt kynningarefni sent, en mjög kostnaðarsamt er að senda landshlutabæklinginn í miklu magni vegna þyngdar. Athugað verður með útgáfu á Suðurlandskortu sambærilegt og gefið er út á Vestförðum, en áætlaður kostnaður við slíkt kort hleypur á bilinu 1.000.000–1.500.000 kr. fyrir hönnun og prentun.

### Vinna við sóknaráætlun 2020

Framkvæmdastjóri hefur komið að greiningarvinnu fyrir Sóknaráætlun 2020. Mörg atriði hafa komið til skoðunar með tilliti til atvinnusköpunar á Suðurlandi. Ljóst er Sóknaráætlun 2020 gæti haft góð áhrif á ferðaþjónustu og framleiðslu á einstökum stöðum um allan fjórðunginn, fái hún brautargengi. Sem dæmi um hugmyndir að verkefnum má nefna markaðssetningu á sunnlenskri vöru og þjónustu, ráðningu starfsmanns á Markaðsstofu Suðurlands, fókus á ferðaþjónustu, þróunarvinnu við

sunnlenska bænda- og matarmarkaði og frekari vinnu við kynningu og gerð viðburðadagatala á Suðurlandi frá vori til hausts.

### Suðurlandskynningar á ferðaskrifstofum

Markaðsstofan gekkst fyrir þeirri nýbreytni í haust að fara ásamt ferða- og verkefnafulltrúum svæða á Suðurlandi í heimsókn á ferðaskrifstofur á höfuðborgarsvæðinu með kynningar á því sem fjórðungurinn hefur uppá að bjóða. Sérstök áhersla var lögð á að kynna þeim þjónustu, framleiðslu og viðburði. Fyrsta kynningin var hjá Iceland Travel um miðjan nóvember sl. við góðar undirtektir. Viðtökur hafa verið mjög góðar og gefa tilefni til að skipuleggja svona fundi reglubundnari hætti í höfuðborginni á nýju ári. Tilgangurinn er að ná beint til þeirra sem eru að búa til ferðapakka og eru að selja landshlutann og víkka um leið tengslanet okkar sem störfum heima í héraði. Að sumu leyti þjónar þessi kynningarleið því sömu markmiðum og að er stefnt með Suðurlandssýningunum sem haldnar hafa verið í Ráðhúsi Reykjavíkur sl. tvö ár. Spurningin er því hvort við lítum á þessa kynningarleið sem valkost við sýninguna og leggjum e.t.v. á hana meiri áherslu eða hvort við höldum sýningunum áfram.

### Vetrarátakið Winterwonderland og heimasíður

Mikil áhersla hefur verið lögð á kynningarátakið Winter Wonderland í vetur. Lagt var upp með að átakið skyldi kynna sérstaklega aðgengi inni fjórðunginn og þá þjónustu sem væri til staðar fyrir ferðamenn utan háannar. Vinna við gerð kynningargagna og hönnun á heimasíðu hefur gengið vel.



Það er markaðsfyrirtækið Hype sem kemur að þessu verkefni fyrir Markaðsstofuna. Útlit og hönnun á heimasíðu er mjög góð og er notendaumhverfið sérstaklega aðlaðandi þannig að auðvelt er að leita sér upplýsinga á síðunni.

Auk þess hefur verið gerður þjónustusamningur til marsloka við Margréti Sveinsbjörnsdóttur hjá Brúarsmiðjunni um bloggskrif og

aðra upplýsingamiðlun. Innslög hennar eru líka birt á hinum samfélagsvefjum Markaðsstofunnar. Almennu hefur þetta átak fengið góðar undirtektir hjá ferðapjónum á Suðurlandi og hjá ferðaheildsölum. Virkari þátttaka og meiri svörun mætti þó vera með aðsendum upplýsingum og uppfærslum frá einstökum svæðum og aðilum innan Markaðsstofunnar. Sérstök áhersla verður á næstunni lögð á vinnu við að leitabestun og kynningu á vefnum. Til fróðleiks eru hér tölur um tíðni nýrra heimsókna og endurkomur inná síðuna frá því að vefurinn fór í loftið í lok október:

**Nýjar heimsóknir 77,54% - endurkomur 22,45%.**

Á næstu vikum er ætlunin að kynna vefinn enn frekar undir yfirskrifskriftinni „Share your adventure with us“. Keypt verður pláss fyrir auglýsingabannera í innlendum og erlendum ferðamiðlum ásamt því að kynna vefinn og átakið meira fyrir ferðapjónum á Suðurlandi. Einn liður í því verður að koma límmiðum fyrir á mismunandi þjónustustöðum og áfangastöðum til að vekja ferðmenn til vitundar um vefinn og að INSTAGRAMA myndir í gegnum snjallsímann sinn inná vefinn. Tilgangurinn er að auka umferð inná vefinn og gera hann lifandi og áhugaverðan.



### **Samstarf við markaðsstofur landshlutanna, Íslandsstofu og Ferðamálastofu.**

Reglulegir fundir með samstarfsfólki úr öðrum landshlutum eru afar gagnlegir og nauðsynlegir. Markaðsstofur landshlutanna stóðu ásamt Ferðamálastofu fyrir sameiginlegu kynningarátaki innanlands undir yfirskriftinni „*Ísland er með 'etta'*“. Átakið tókst með ágætum og er ætlunin að halda áfram á þessu ári af auknum krafti og koma auglýsingum fyrr á framfæri inni fjölmiðla. Það eru allir sammála um að með sameinuðum krafti landshlutanna getum við náð meiri árangri í að kynna kosti þess fyrir Íslendinga að ferðast í eigin landi.

Ásamt því að ræða ýmis sameiginleg hagsmunamál er nauðsynlegt að markaðsstofurnar eigi sér vettvang til að miðla af reynslu sinni og skiptast á upplýsingum. Ferðamálastofa hefur verið virkur þátttakandi á þessum vettvangi og vonir standa nú til að Íslandsstofa komi af auknum krafti inni þetta starf. Íslandsstofa sér um sölu- og markaðssetningu á erlendum mörkuðum og starfsmenn stofunnar fá fyrirspurnir frá ferðaheildsölum, fjölmiðlamönnum og fjöldan allan af aðilum sem hafa áhuga á samskiptum við Ísland. Því er nauðsynlegt að boðleiðir séu greiðar þar á milli. Sama má segja um Ferðamálastofu sem fer með eftirlitshlutverk og þróunarvinnu í ferðamálum á Íslandi, hvers kyns leyfisveitingar, gæðaeftirlit og framkvæmd umhverfisáætlunar.

### **Árið 2012**

Það má segja að árið 2012 hafi verið gott í ferðapjónustunni á Suðurlandi. Fleiri fyrirtæki hafa gengið til liðs við Markaðsstofu Suðurlands og almennt er meiri vitund og áhugi á starfsemi. Markaðstofan hefur fest sig í sessi í landshlutanum og undirtektir ferðapjóna eru almennt jákvæðar við þeim verkefnum sem unnin eru. Sérstaklega eru ferðapjónar ánægðir með FAM- og kynnisferðir þar sem þeir komast beina í tengingu við ferðasala frá ýmsum mörkuðum. Mjög ánægjulegt er hvað ferðapjónar og hagsmunaaðilar styðja vel við móttöku á agentum og fjölmiðlafólki, en það er forsenda þess að vel gangi að selja og kynna landshlutann okkar.

Framtíðarsýn okkar er að ferðamaðurinn dvelji lengur í héraði og skili sem mestu tekjum inná svæðið. Það gerum við með því að kynna okkur og þá þjónustu sem við höfum uppá að bjóða sem víðast, kynna leiðirnar inni landshlutann, ekki síst þá sem liggur beint frá Keflavík, og sýna fram á að á að þangað liggur stysta leiðin til að komast í beina tengingu við náttúruna um leið og dvalið er við öll nútíma þægindi og afþreyingu.

## Helstu verkefni framundan

- Kynning til ferðapjóna á Instagraminu
- Vinna við Winterwonderland-átakið
- Workshop St. Petersburg
- Mid-Atlantic kaupstefnan 7. febrúar
- FAM-ferð skandinavískir agentar í samvinnu með WOW 23. – 25. janúar
- FAM-ferð breskir agentar í samvinnu með WOW 24. – 28. febrúar
- FAM-ferð rússneskir agentar í samvinnu með Icelandair 15. – 17. mars
- Heimsóknir á ferðaskrifstofur Reykjavík

das 09/01/2013